

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Dalabyggð.

Haukabrekka í Stóra-Langadal.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 8. október 2021 nýtt deiliskipulag í landi Haukabrekku í Stóra-Langadal, skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið afmarkast af Stóru-Langadalsá til vesturs og brekkurótum Grásteinsfjalls að austan og nær yfir bæjarstæði Haukabrekku og nánasta umhverfi þess. Deiliskipulagið felur í sér breytta afmörkun lóðanna og í einu tilfelli nýja staðsetningu auk skilgreiningar byggingarheimilda.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Búðardal, 18. nóvember 2021.

Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2021